

M-89/2017. Álit 7. júní 2018.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 7. júní 2018 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-89/2017.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 27. nóvember 2017 bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á fartölvu af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir fartölvuna haldna galla og krefst þess að seljandi bæti úr gallanum þrátt fyrir að meira en tvö ár séu liðin frá því að álitsbeiðandi festi kaup á henni.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 28. nóvember 2017, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild. Neftndinni bást ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 1. júní 2018, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi festi kaup á fartölvu af gerðinni Toshiba satellite þann 26. september 2012 fyrir 104.490 krónur. Síðar segir álitsbeiðandi að skjár fartölvunnar hafi farið að „blörrast og breyta um lit fyrir neðan miðju“. Álitsbeiðandi kveðst hafa haft samband við seljanda í kjölfarið en seljandi hafi haldið því fram að fartölvunni hafi aðeins verið í ábyrgð í tvö ár. Álitsbeiðandi telur að þar sem um einkatölvu sé að ræða eigi fartölvunni að endast í að minnsta kosti fimm ár og geti því enn verið í ábyrgð.

Álitsbeiðandi krefst þess fyrir kæruneftndinni að seljanda verði gert að gera við fartölvuna sér að kostnaðarlausu.

IV

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið neftndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan greinir keypti álitsbeiðandi fartölvu af seljanda þann 26. september 2012 fyrir 104.490 krónur. Nokkrum árum síðar fór að bera í bilun í skjá fartölvunnar og krefst álitsbeiðandi þess að seljanda verði gert að gera við fartölvuna sér að kostnaðarlausu.

Álitsbeiðandi telur að tilkynningarfrestur vegna galla í fartölvum geti verið fimm ár en ekki aðeins tvö ár. Kæruneftndin álitur að 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) eigi við um ágreining aðila, en ákvæðið er svohljóðandi:

Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um

söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestir skv. 1. og 2. málsl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.

Í athugasemdum við ákvæðið kemur fram að við mat á því hvort söluhlutur eigi undir sérregluna verði að líta til þess hvers neytandi mátti vænta við kaup á slíkum hlut sem endurspeglast m.a. í verði og markaðssetningu hlutarins. Þá segir að ef vafi er um það hversu langan endingartíma hlut er ætlað að hafa sé rétt að vafinn falli fimm ára reglunni í hag.

Erfitt er að segja til um það hversu lengi fartölva á að endast en telja verður að neytendur eigi almennt að geta vænst þess að slík tæki af góðum gæðum eigi að geta enst lengur en tvö ár ef vel er farið með þau. Kaupverð hlutar getur einnig gefið vísbendingu um það hversu lengi söluhlutur er ætlað að endast, en fartölva álitsbeiðanda kostaði 104.490 krónur árið 2012. Verður talið að fartölvu álitsbeiðanda geti verið ætlaður verulega lengri endingartími en almennt á við um söluhluti og eigi því undir regluna um fimm ára tilkynningarfrest samkvæmt 2. mgr. 27. gr. nkpl. Er það í samræmi við fyrri álit kærunefndarinnar, m.a. álit nr. 23/2009 og 5/2010.

Í álitsbeiðni kemur ekki fram hvenær álitsbeiðandi varð fyrst var við bilun í fartölvunni en af atvikum verður ráðið að það hafi ekki verið fyrr en seinnipart ársins 2017, stuttu áður en álitsbeiðandi leitaði til kærunefndarinnar. Samkvæmt upplýsingum frá álitsbeiðanda tilkynnti hann seljanda fyrst um galla í fartölvunni í nóvember árið 2017. Kærunefndin getur því ekki fallist á að fartölvun sé haldin galla sem tilkynnt hafi verið um innan tilkynningarfrests 2. mgr. 27. gr. nkpl. þar sem fimm ár voru þegar liðin þegar kvörtun álitsbeiðanda kom fram.

Verður því að hafna kröfu álitsbeiðanda.

V Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson